

Mál nr. 299/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og kaskótryggingar (A)

Umferðarslys 02.06. 2005, þegar bifreið var ekið út af Austurvegi við Grindavík.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 18.12. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Í bifreiðinni var M ásamt þremur farþegum. Ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr slysátryggingu ökumanns og kaskótryggingu bifreiðarinnar. Félagið telur að með aksturslagi sínu hafi ökumaðurinn sýnt stórkostlegt gáleysi þannig að bótaréttur falli niður úr nefndum vátryggingum sbr. 2. – 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. sameiginlegra vátryggingarskilmála félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur m.a. að tjónþoli “vegna umferðarslyss eigi alltaf rétt á bótum, nema hægt sé að sanna ásetning á viðkomandi tjónþola”. Ekki sé um ásetning að ræða og “í raun aðeins gáleysi. Ekki einu sinni stórfellt”. Hann telur að verði talið að um stórfellt gáleysi hafi verið að ræða sé “einungis hægt að lækka bótaábyrgð félagsins í ákveðnum hlutföllum”. Vísað er m.a. til þess að ökumaður muni ekki “glögglega hvað hafi orsakað slysið, en það hafi allt eins getað verið einhver bilun í bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið nýskoðuð og verið í ökuhæfu ástandi að mati þess bifreiðaskoðunarmanns sem skoðaði bifreiðina”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. vitnaframburðum og ummerkjum á vettvangi, verður talið að rekja megi umferðarslysið til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Aksturslag ökumanns bifreiðarinnar veldur brottfalli bótaréttar í þessu tilviki. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Ósannað er að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið “beittur miklum þrýstingi um að játa, að hann hafi verið á 190 km hraða mv. klukkustund” líkt og haldið er fram í málskotinu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.